



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 24. mars 2021

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna stuðnings við smærri innlenda áfengisframleiðendur og heimildar til sölu áfengis á framleiðslustað (áfengisgjald, sala á framleiðslustað), (Þingskjal 826 — 495. mál, 151. löggjþ.)

Virðingarfyllt,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri



## **Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til til breytinga á ýmsum lögum vegna stuðnings við smærri innlenda áfengisframleiðendur (áfengisgjald, sala áfengis á framleiðslustað).**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa haft ofangreint mál til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri við Alþingi:

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, eiga öll börn rétt á bestu mögulegu lífsskilyrðum og rétt á þeirri vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Skulu aðildaríki í því skyni gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu til að tryggja að svo megi verða. Að mati Barnaheilla stríðir það gegn Barnasáttmálanum og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna að auka frelsi varðandi áfengissölu og auðvelda aðgengi að áfengi og standa því gegn því að frumvarp þetta verði að lögum.

Á Íslandi náðist mikill árangur í forvarnastarfi gegn áfengi og vímuefnum um árabíl og líta margar þjóðir til þess hvaða leiðir voru farnar hér á landi til að stuðla að þeim. Aukið frjálsræði í áfengissölu stofnar þeim árangri í hættu að mati Barnaheilla.

Áfengisneysla er að mati Barnaheilla ekki börnum fyrir bestu og tillögur um að fjölga útsölustöðum áfengis, því andstæðar hagsmunum barna. Barnaheill telja að hagsmunir barna skuli vega þyngra en hagsmunir þeirra sem selja áfengi. Hagsmunir barna felast ekki einvörðungu í því að vera vernduð gegn því að neyta áfengis sjálf, heldur ekki síður og sérstaklega í því að vera vernduð gegn áfengisneyslu foreldra sinna.

Stjórnvöld þurfa við ákvarðanir sem varða börn að hafa það sem barni er fyrir bestu í forgrunni. Barnaheill gera athugasemdir við það að í drögum frumvarpsins er ekki að finna umfjöllun um mat á áhrifum aukins aðgengis að áfengi á börn. Af 3. grein Barnasáttmálans leiðir að slíkt hagsmunamat skuli fara fram við ákvarðanir sem haft geta áhrif á börn.

Barnaheill hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og leggja sérstaka áherslu á vernd gegn ofbeldi á börnum, bann við mismunun og að allar ákvarðanir sem varða börn séu teknar með það að leiðarljósi hvað þeim er fyrir bestu.